



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 2. fundur stjórnar KLÍ 2008 – 2009
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Mánudaginn 28. maí 2008 kl. 17:30
Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Árni Geir Ómarsson (ÁGÓ)
Valgeir Guðbjartsson (VG)
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ)
Guðmundur Sigurðsson (GS) Varamaður
Hörður Ingi Jóhannsson (HIJ)
Helga Sigurðardóttir (HS) Varamaður
Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) Varamaður

Boðuð forföll:
Fjarverandi:
Fundarritari: Árni Geir Ómarsson

Helstu mál: Skipulag næsta tímabils, nefndir og önnur mál

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar

VG sendi inn athugasemdir á fundargerð og var hún samþykkt með gerðum athugasemdum. HIJ mun gera útdrátt úr fundargerðinni og birta hana á netinu. ÞI mun ræða við ÞH um að gera svæði á heimasíðu KLÍ þar sem að fundargerðir KLÍ verða birtar.

2. Landsliðsnefnd

ÁHE kom með fyrirspurn frá landsliðsnefnd um kostnað og greiðslur til landsliðsnefndarmanna fyrir áföllnum kostnaði vegna landsliðsæfinga. (málið sett í bið þangað til síðar á fundinum en verður sett fram í heild hér) Landsliðsnefnd bað stjórn að móta reglur um greiðslur til fararstjóra. Rætt um að í næstu ferðum verði nótur teknar og gerður samanburður á því hvort feli í sér minni kostnað fyrir KLÍ. Ákvörðun um málið tekin fyrir aftur í september þegar að búið er að bera saman næstu 3 ferðir í sumar.

Ákveðið að öll WTBA og ETBF viðurkennd mót séu styrkhæf og fá menn eitt þáttökugjald endurgreitt fyrir hvert mót sem tekið er þátt í. Verður tekið til endurskoðunar 1. júní 2009.

Skipan landsliðsnefndar rædd og lagði ÞI til að gjaldkeri ætti sæti í landsliðsnefnd sökum þess að landslið er stærsti útgjaldapóstur KLÍ. Rætt um að landsliðsþjálfarar/umsjónarmenn eigi ekki að sitja í landsliðsnefnd. Rætt um hvort að senda eigi 2 fararstjóra með í landsliðsverkefni. Landsliðsnefnd leggur til að sendir verða 2 með í öll verkefni frá og með áramótunum 2008-2009.

3. Erindi frá ÍR

Erindi barst frá ÍR um hvort að leyfilegt væri að sækja um styrki til KLÍ fyrir hönd keppenda. VG lagði til að annaðhvort yrði þessu breytt fyrir öll félög eða ekkert. Samþykkt samhljóða og verður tilkynnt á netinu.

4. Staða landsliðsmanna gagnvart KLÍ.

E-ð er eftir af skuldum frá fyrri tíð landsliðsmanna núverandi og fyrrverandi. VG og gjaldkerar félaganna munu fara yfir þetta mál og klára fyrir 1. júlí.

5. Skráning liða

Skráningu liða þarf að vera lokið fyrir næstu helgi. ÞI mun tala við formenn félaganna og pressa á þá.

6. ÍSÍ fundur.

VG mun mæta fyrir hönd KLÍ á hádegisverðarfund hjá ÍSÍ um mat á stjórnun og mögulegri samvinnu sérsambanda ÍSÍ

7. Reglugerðarbreytingar

Þl sendir út breyttar reglugerðir til stjórnarmanna og bera menn þau skjöl saman við þingskjöl sín. Þegar að þetta verður samþykkt þá verða breytingarnar birtar hið fyrsta.

8. Nordic youth cup

Mót á 2 ára fresti sem að kemur sem aukið tækifæri fyrir unglunga að keppa á landsliðs level upp að 23 ára aldri. Ísland er samþykkt og sendir jákvætt svar á norðurlandaráðið.

9. Mótanefnd

GS búinn að ræða við RÞ og er hann tilbúinn til að aðstoða mótanefnd við vinnu á niðurröðun á dagskrá næsta veturs. Sú vinna komin af stað og keiluhöllin farin að pressa á að skila inn tímum fyrir veturinn. Þl mun senda beiðni á félögin um að skipa fólk í mótanefnd.

10. Uppgjör á Ísl.m. síðasta árs

Þl og VG munu ræða saman og gera upp mót síðasta árs með síðustu mótanefnd.

fundi slitið 19:05